



Umhverfisnefndarfundur 30. nóvember 2017

Mættir: Sírý, Haukur, Alexandra, Óðinn Þór, Kristín Ágústa, Kristófer Hrafn, Magnús Örn, Alexíus Máni, Jörundur, Árun Emma, Magnús Veigar, Oliwia, Tina, Elín Victoría og Reimar Atli

- Fundur var settur
- Byrjað var á upprifjun
 - Hvað er umhverfisnefnd og hvað gerir hún?
 - Umhverfisnefnd hittist og ræðir saman um stöðu umhverfismála. Ef við sjáum eitthvað sem þarf að laga þá ræðum við það á fundunum.
 - Skoðuðum Grænfánann okkar og ræddum um það hvað það þýddi að eiga Grænfánann.
- Skilti!
 - Sírý og Haukur er mikið búin að vera að þæla í skilti til þess að setja út fyrir framan leikskólann. Skilti sem á stendur: Viltu slökkva á bílnum? Hann mengar.
 - Rætt um bíla og börnin spurð: Af hverju þarf að slökkva á bílum í lausagangi? Ýmis svör bárust eins og, bensínið klárast annars, annars kviknar í honum, einhver getur stolið bílinum og svo vegna þess að það kemur reykur úr honum. Ræddum ennfrekar um „reykinn“ og skaðsemi hans. Við megum alls ekki anda honum að okkur.
 - Sírý er búin að skoða fullt af skiltagerðarfyrirtækjum en þá kom Haukur með þá frábæru hugmynd að búa sjálf til skilti ☺.
 - Miklar jákvæðar undirtektir frá börnunum.
 - Rætt var um það úr hverju við ættum að búa skiltið til. T.d. Spýtum, stáli, pappa... En þegar við nefndum að skiltið þyrfti að þola veður og vind þá féll hugmyndin um pappann út.
 - Einnig kom hugmynd frá barni um að setja ljós á skiltið, t.d. jólaseríu svo allir gætu séð skiltið í myrkrinu ☺
 - Haukur ætlar að spjalla við einn pabbann sem er málari og fá ráðleggingar.

- Sírý fór yfir gátlistann og ræddi við börnin um notkun á plastpokum. Ákváðum að minnka notkun á þeim og ætlum nú að senda blaut föt (Ekki pissublaut) heim án plastpoka.
 - Sírý spurði Aleksöndru út í handsápuna, hvort hún væri nú ekki örugglega merkt með „svaninum“? Og jú það er hún svo sannarlega. Nú ættu allar sápur og hreinsiefni að vera svansmerkt hjá okkur.
- Upprifjun á flokkun. Allir með á hreinu hvernig við flokkum úrgang.
- Markmið.
 - Erum að verða búin að með flokkunarmarkmiðið og erum byrjuð á því næsta sem er að læra um ferlið eftir að flokkaði úrgangurinn hefur verið sóttur og þar til búið er að endurvinna hann. Höldum áfram með árlegu markmiðin okkar sem tengjast lífríkinu, nærumhverfi og fuglum. Ætlum að vera dugleg að gefa fuglunum mat og finna góðan stað til þess að setja mat handa krumma.
- Fundi slitið